

**Ed.**

**60. Frumvarp til laga**

[47. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

**1. gr.**

Menntaskólar skulu vera í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, á Eiðum og að Laugarvatni.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og koma ákvæðin um stofnun hinna nýju skóla til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til þeirra á fjárlögum.

**Greinargerð.**

Á tveimur seinustu þingum höfum við flutt frumvarp efnislega samhljóða þessu. Að þessu sinni er þó orðalagi nokkuð breytt til samræmis við fram komnar tillögur í sambandi við málið á seinasta þingi.

Undirtektir málsins á þingi hafa verið þær, að menntamálanefnd efri deildar mælti með því, að það yrði samþykkt, í bæði skiptin, sem það hefur verið flutt.

Í gildandi lögum um menntaskóla er svo ákveðið, að menntaskólar skuli vera tveir, í Reykjavík og á Akureyri. Einnig er nú þegar lögfest, að stofna skuli menntaskóla í sveit á Suðurlandi, þegar fé sé veitt til þess á fjárlögum. Má og segja, að það atriði sé að nokkru leyti komið til framkvæmda, því að á síðastliðnum vetri var hafin kennsla í I. bekk menntaskóla í sambandi við héraðsskólann að Laugarvatni. En í vetur er þar bæði I. og II. bekkur menntaskóla. Er því auðsætt, að þar muni brátt rísa hinn fyrirhugaði menntaskóli Sunnlendinga.

Þá er það alkunna, að fyrir nokkrum árum öðlaðist Verzlunarskóli Íslands rétt til að útskrifa stúdenta, og eru þannig nú þegar starfandi tveir menntaskólar í Reykjavík.

Á seinustu árum hafa svo ýmsir orðið til að beita sér fyrir því, að hér í Reykjavík verði reistur þriðji menntaskólinn, en aðrir vilja heldur fara þá leið að bæta aðstöðu og húsrými hins virðulega 100 ára gamla menntaskóla þar, sem hann nú er.

Samkvæmt framansögðu er því menntaskólum þannig skipað í landinu, að Norðlendingar hafa sinn menntaskóla á Akureyri, í Reykjavík eru tveir menntaskólar og menntaskólakennsla hafin að Laugarvatni. Þannig er þá Sunnlendingafjórðungur nú þegar með þrjá menntaskóla og barátta hafin fyrir fjórða menntaskólánunum í þeim landshluta. Hins vegar eru engir menntaskólar í Vestfirðingafjórðungi og Austfirðingafjórðungi.

Í þessu frumvarpi er um þá eina breytingu að ræða, að stofnaðir verði menntaskólar á Ísafirði fyrir Vestfirði og að Eiðum fyrir Austfirði, og komi þau ákvæði til framkvæmda, þegar fé verði veitt til þess á fjárlögum.

Það er skoðun flutningsmanna, að á því fari tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna, þess vegna sé það skylda löggjafans að sjá svo um, að ungu fólki hvaðanæva af landinu

veitist sem allra jöfnust aðstaða til að ná því æskilega marki á menntabrautinni að geta lokið stúdentsprófi, ef hugur og hæfni stendur til. Eins og nú standa sakir er aðstaða gáfaðra unglinga til að geta notið framhaldsnáms að afloknu miðskola-prófi næsta ójöfn. Sýna skýrslur, sem um þetta hafa verið gerðar, að í þessu efni standa Vestfirðingar og Austfirðingar langsamlega höllustum fæti.

Algeng saga er það, — sem sífellt endurtekur sig, — að þegar foreldrar efni-legra unglinga á Vestur- og Austurlandi eru búnir að koma börnum sínum gegnum gagnfræða- eða héraðsskóla heima fyrir, hafa þeir orðið að taka sig upp og flytja búferlum til Reykjavíkur til þess að geta fylgt þeim eftir til framhaldsnáms. Efni leyfðu þeim ekki að kosta börnin hér og halda heimili annars staðar. Þetta er næsta skiljanlegt, þegar þess er gætt, að einsvetrar námsdvöl utanbæjarnemanda í Reykjavík kostar nú eigi minna en 12—15 þúsund krónur, eða 50—60 þúsund krónur í fjóra vetur. Slíkur námskostnaður er flestum ungmennum úr alþýðustétt algerlega óviðráðanlegur. Staðsetning flestra æðri framhaldsskóla landsins í Reykjavík á því drjúgan þátt í því að stöðva fjölda fólks á námsbrautinni og draga fólk til Reykjavíkur meira en góðu hófi gegnir. Í orði kveðnu eru þó ýmsir farnir að játa, að fólksstraumurinn utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur beri ekki heilbrigðri þjóðfélagsþróun vitni og sé í rauninni síður en svo æskilegur.

Það er svo hin hlið málsins, hvílik blóðtaka það er fámennum byggðarlögum að þurfa að senda úrvalsnámsfólk sitt tugum saman á ári hverju til Reykjavíkur. — Þegar foreldrarnir, sem oft er fólk af góðum stofni og úrval að andlegu og líkamlegu atgervi, tapast einnig heimabyggðum sínum af þessum sökum, verður þetta þó enn þá tilfinnanlegra.

Hér er því mál á ferðinni, sem er þannig vaxið, að hvorum tveggja ætti að vera ljúft að veita því brautargengi — þeim fulltrúum Reykjavíkur, sem sporna vilja við ofvexti Reykjavíkur, — og öllum þeim fulltrúum dreifbýlisins, sem telja þjóðfélagslegt tjón að tæmingu sveita og kaupþúna.

Það, sem alþingismenn einkum þurfa að gera upp við sig í þessu máli, er í aðalatriðum þetta:

Hvort á heldur að reisa stór menntaskólabákn fyrir landið allt í Reykjavík og á Akureyri og flytja þangað námsfólkið og mikinn hluta aðstandenda þess — eða þá hitt, að stærð Menntaskólans á Akureyri verði við það miðuð að hæfa aðallega þörfum Norðlendinga, að stærð Menntaskólanna í Reykjavík miðist aðallega við þörf höfuðborgarinnar og nágrennis hennar, að menntaskóli að Laugarvatni verði miðaður við þörf Sunnlendinga og að síðustu verði reistir hæfilega stórir menntaskólar á Ísafirði og að Eiðum fyrir Vestfirði og Austfirði?

Móti fyrri úrlausn málsins hafa þegar verið færð veigamikil rök. — Með seinni leiðinni, þeirri að hafa skólana fleiri og smærri, staðsetta í öllum landshlutum, kemur það fyrst til greina, að þá væri uppeldishliðinni tvímælalaust betur borgið, og ætti það vissulega ekki að vera neitt aukaatriði. Með þeirri leið er og betur séð fyrir jafnréttisaðstöðu íslenzkrar æsku til framhaldsmenntunar, og getur það heldur ekki talizt neitt hégómamál. Í þriðja lagi væri með seinni úrlausn málsins stefnt að auknu jafnvægi í þjóðfélaginu. Í fjórða lagi fullnægir hugmyndin um fleiri og smærri menntaskóla í öllum landshlutum á eðlilegastan og hagkvæmastan hátt megin-tilgangi hinnar nýju skólalöggjafar um samfellt fræðslukerfi. Þá verður það að teljast hafið yfir allan vafa, að íslenzkri þjóðmenningu væri að því mikill styrkur, ef komið væri upp góðum menntasetrum og menningarmiðstöðvum í öllum lands- hlutum. Í þeim efnum er ekki rétt að draga allt til Reykjavíkur, þótt margt þurfi auðvitað að gera höfuðborginni til menningarauka.

Í héraðs- og gagnfræðaskólunum á Vestfjörðum eru nú í vetur nokkuð á fjórða hundrað nemendur. Þar af eru í miðskóladeildum þessara skóla a. m. k. 30 nemendur. Þetta unga fólk á að ganga undir landspróf á vori komanda. Gangi prófið að óskum, öðlast það rétt til framhaldsnáms í menntaskóla og kennaraskóla. En

Þetta er bara miklu stærri hópur en svo, að Vestfirðingar geti sætt sig við að verða að senda hann á einu ári burt til framhaldsnáms í Reykjavík. Þetta hafa ráðandi menn á Vestfjörðum gert sér ljóst, og þess vegna er það, að bæjarstjórn Ísafjarðar hefur boðið fram ókeypis lóð á góðum stað í bænum undir menntaskóla á Ísafirði. Fyrir þessu þingi liggur líka áskorun frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um að samþykkja frumvarp það, sem legið hefur tvívegis fyrir Alþingi, um menntaskóla Vestfjarða og Austfjarða.

Um þörfina fyrir menntaskóla Austfjarða gegnir líku máli. Þar eru Eiðaskóli og gagnfræðaskólar í vexti í Neskaupstað og á Seyðisfirði.

Sé svo litið á kostnaðarhlið málsins, þá er það víst, að stór menntaskóli í Reykjavík mundi kosta of fjár, sennilega eitthvað á annan tug milljóna. Hins vegar er ýmislegt, sem dregur úr byggingarkostnaði menntaskólanna á Ísafirði, Eiðum og að Laugarvatni. Á Ísafirði er t. d. þegar til vegleg yfirbyggð sundhöll. Þar er líka til ágætt bókasafn. Og þar er í þriðja lagi einn af veglegustu íþróttaskólum landsins. Allt þetta mundi mjög draga úr stofnkostnaði menntaskóla á Ísafirði. Það, sem þar vantar, er skólahús með 4—5 kennslustofum og rektorsibúð.

Á Eiðum er áþekka sögu að segja. Þar er rafstöð og miklar byggingar, sem koma mundu að gagni sameiginlega héraðsgagnfræðaskólanum og Menntaskóla Austfjarða.

Eins er það með Laugarvatn. Þar er eitt allraveglegasta íþróttahús landsins, gnægð jarðhita og margvísleg aðstaða önnur, sem hafa mundi mikla þýðingu fyrir sameiginlega menningarmiðstöð Sunnlendinga.

Menningarlega séð væri það hinn mesti ávinningur fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga, að breyting sú, sem frumvarp þetta fjallar um, næði fram að ganga. Með frumvarpinu er aðeins farið fram á menningarlegt jafnrétti Austfirðinga og Vestfirðinga á við íbúa annarra landsfjórðunga og hlut þeirra þó síður en svo haldið fram af óbilgirni.

Leggjum við svo þetta mikilsverða mál enn á ný fyrir háttvirta alþingismenn og treystum því, að það fái verðugar undirtektir þeirra.

Að síðustu skal á það minnt, að hér er á ferðinni mál, sem hafið er yfir allan flokkarig. Það er sanmál allra Austfirðinga og Vestfirðinga, og því mun verða fylgt með vakandi athygli allra hugsandi manna í þessum landshlutum, þar til það hefur fengið fullnaðarafgreiðslu og endanlega lausn á Alþingi.